

## Kirkjugarðaráð

### Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Í lögum um kirkjugarða er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefni séu ekki beinlínis tengd trúmálum. Innanríkisráðuneytið er fagráðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

### Kirkjugarðaráð

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Í ráðinu sitja Ragnhildur Benediktsdóttir, fulltrúi biskups og formaður ráðsins; Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, ritari ráðsins; Valtýr Valtýsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP tilnefndur af Kirkjugarðasambandi Íslands; Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af Kirkjupingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson, en á vegum ráðsins starfar einnig Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður. Sér hann um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdráttu og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða. Á árinu hélt Kirkjugarðaráð níu fundi og framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti 108 kirkjugarða á árinu.

### Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs - framkvæmdir

Kirkjugarðaráð fer með úthlutun úr Kirkjugarðasjóði að fenginni umsögn framkvæmdastjóra ráðsins. Á árinu 2013 voru veittir styrkir úr Kirkjugarðasjóði til 45 verkefna, samtals að upphæð tæplega 47 milljónir. Meðal kirkjugarða sem styrktir voru má nefna: *Brekka Mjóafirði*: Lagfæring innan garðs. *Reyðarfjörður*: Bygging þjónustuhúss. *Höfn*: Greiða niður skuld vegna stækkunar kirkjugarðs. *Hraungerði*: Greiða niður skuld kirkjugarðs við kirkjuna. *Gaulverjabær*: Hlaða umhverfis stækkun kirkjugarðs. *Kirkjugarðar Keflavíkur*: Endurbætur á Hólmsbergskirkjugarði.



Kirkjugarðurinn í Gufudal

*Kirkjugarðar Reykjavíkur:* Vegna uppbyggingar í Kópavogskirkjugarði og duftgarðs í Leynimýri. *Borgarnes:* Lagfæring og stækkun garðs. *Lundur:* Ljúka hleðslu um kirkjugarðinn. *Fáskrúðabakkasókn:* Endurbætur á görðum sóknarinnar. *Hellnar:* Endurnýjun og stækkun kirkjugarðs. *Stykkishólmur:* Þökuleggja stækkun kirkjugarðs. *Breiðabólstaður Skógarströnd:* Greiða niður lán vegna framkvæmda við lagfæringu garðs. *Gufudalur:* Greiða niður bankalán vegna framkvæmda við garðinn. *Súðavík:* Endurnýja umgjörð kirkjugarðsins. *Víðidalstunga:* Bæta aðgengi og endurnýja girðingu. *Keta:* Endurnýja girðingu og þökuleggja garðinn. *Goðdalir:* Lagfæra innan garðs og þökuleggja garð. *Dalvík:* Lagfæringar af völdum snjóskemmda. *Saurbær Eyjafirði:* Endurnýjun á umgjörð kirkjugarðsins. *Svalbarðseyri:* Stækkun og lagfæring á núverandi garði. *Póroddsstaður:* Endurnýja umgjörð og endurtyrfa garð. *Nes í Aðaldal:* Stækkun og einhlaða vegg úr hraungrýti. *Húsavík:* Greiða niður skuld.

Á árinu var unnið við lagfæringar á nokkrum niðurlögðum görðum eins og *Arnarbæli í Ölfusi*, *Búðardal á Skarðsströnd*, *Selárdal*, *Söndum í Dýrafirði*. Að lokum má geta þess að Kirkjugarðasamband Íslands fékk styrk samkvæmt þjónustusamningi við Kirkjugarðaráð til áframhaldandi vinnu við gagnagrunninn [gardur.is](http://gardur.is), til fræðslumála kirkjugarða o.fl.

## Ritröðin um kirkjur Íslands.

Árið 2001 kom út fyrsta bindi í ritröðinni *Kirkjur Íslands*. Ritstjórar verksins eru þeir Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason. Vinnan við útgáfuna skiptist á milli Minjastofnunar Íslands, Þjóðminjasafns Íslands og Biskupsstofu. Í ritröðinni er fjallað um allar friðaðar kirkjur á Íslandi, sem í dag eru 2014. Sagt er frá sögu kirkjustaðarins, byggingasögu kirkjuhúsins, lýsingu á kirkjunni, innri gerð hennar, kirkjubúnaði, messuföngum, minningarmörkum og kirkjugarði. Kirkjugarðaráð hefur í síðustu



Kirkjugarðurinn á Höfn í Hornafirði

bindum lagt til skrif um kirkjugarðana og hefur framkvæmdastjóri ráðsins séð um þau skrif. Nú eru komin út 23 bindi og er stefnt að því að lokabindið sem jafnframt verður væntanlega númer 27 komi út árið 2016. Ritröðin Kirkjur Íslands er mikið stórvirki og hafa meira en 70 höfundar komið að verkinu. Þar er búið að safna á einn stað mikið af upplýsingum sem koma að góðu gagni fyrir alla þá sem áhuga hafa á sögu einstakra kirkjustaða og kirkna.